

Alþingi
Erindi nr. P 131/95
komudagur 16.11. 2004



Alþingi
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
150 REYKJAVÍK

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími.: 545 8300 fax: 562 1853
netfang: sjavar@hafro.is
veffang: <http://www.stjr.is/sjr>


Reykjavík, 15. nóvember 2004
Tilvísun: SJR2004100098/0015
VE/js

Sjávarútvegsráðuneytinu hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stofnun atvinuvegaráðuneytis, 15. mál.

Sjávarútvegsráðuneytið telur að skipan ráðuneyta sé fyrst og fremst pólitískt mál sem hljóti að eiga sér frumkvæði og koma til stefnumörkunar á vettvangi ríkisstjórnar og Alþingis.

Sjávarútvegsráðuneytið telur að núverandi skipan ráðuneyta hafi að mörgu leyti gengið vel frá faglegu sjónarmiði og telur að eitt af höfuðmarkmiðum ráðuneytisins sé að gera sitt til þess að láta það fyrirkomulag sem valið hefur verið skila eins miklum árangri og kostur er. Sjávarútvegsráðuneytið telur heldur enga sérstaka faglega meinbugi á sameiningu ráðuneyta ef sú verður niðurstaðan við breytingu á skipan Stjórnarráðsins. Við samruna ráðuneyta myndi Sjávarútvegsráðuneytið eftir sem áður hafa árangur af starfi sínu sem meginmarkmið.

Virðingarfyllst.


Vilhjálmur Egilsson